

„Baltikaferðin það sem upp úr stendur“

Kjartan Helgason hafði um langt skeið með höndum umsvifamikinn ferðaskrifstofurekstur og opnaði ferðamönnum frá Íslandi nýja ferðamöguleika með því að bjóða upp á ferðir til Austur- Evrópu. Þessar ferðir voru vinsælar og afar vel sóttar. Kjartan skipulagði líka og sá um ferð með skemmtiferðaskipinu Baltika sem líklega er eftirminnilegasta ferð af þeim toga sem farin hefur verið héðan. Þórbergur Þórðarson, rithöfundur, og Margrét kona hans voru meðal farþega í ferðinni og segir Þórbergur ferðasöguna á sinn alkunna og snilldarlega hátt í bók Matthíasar Johannessen “Í kompaní við Þórberg”.

Kjartan fæddist í Reykjavík 1922. Faðir hans var Helgi B. Þorkelsson ættaður frá Hvolsvelli en hann starfaði lengi sem klæðskeri í Reykjavík. Móðir Kjartans var Guðríður Sigurbjörnsdóttir fædd á Ísafirði. Kjartan var elstur fjögurra systkina og sá eini þeirra sem enn er á lífi. Að loknu hefðbundnu barnaskólanámi settist Kjartan í Ingimarsskólann.

“Ég ætlaði mér alltaf að fara í Menntaskólann í Reykjavík en aðeins 25 komust að þegar ég sótti um og ég var ekki einn þeirra sem fengu inngöngu. Líklega hafa pólitískar skoðanir fjölskyldunnar haft áhrif á það að ég komst ekki inn en faðir minn var mjög róttækur. Foreldrar mínir vildu þá endilega að ég færi norður á Akureyri í menntaskóla en ég sneri bara við blaðinu og ákvað að fara í Ingimarsskólann sem þá var til húsa við Vitastíginn. Með mér í skólanum voru ýmsir ágætismenn eins og Jón sonur Ingimars skólástjóra, Ásmundur Brekkan sem seinna varð læknir, Ásgeir sonur Manga Storms, Guðmundur Guðjónsson söngvari og Hannes Sigfússon rithöfundur, svo ég nefni einhverja.

1939 settist ég svo í Kennaraskólann og lauk kennaraprófi þaðan 1942. Ég stundaði hefðbundið nám þar nema í kristinfræði. Til þess var ég allt of róttækur. Menntöldu meira að segja að ég væri það róttækur að ekki væri heppilegt að ég kenndi kristinfræði enda gerði ég það aldrei nema þegar ég kenndi einn vetur norður á Siglufirði! Í Kennaraskólanum hafði ég marga prýðiskennara eins og Brodda Jóhannesson, Steinþór Guðmundsson,

Ágúst Sigurðsson og Ísak Jónsson.

En þó að ég hafi lokið kennaraprófi fór ég ekki í kennslu að námi loknu. Kennarakaupið var svo lélegt og þar sem mér bauðst starf hjá Kananum tók ég því enda launin þar miklu betri en í kennslunni. Þó að Brynjólfur Bjarnason hafi látið hækka laun kennara þegar hann var menntamálaráðherra var kennarakaup skelfilega lélegt á þessum árum og ekkert líkt því sem mér bauðst hjá Kananum en það voru hæstu laun sem buðust.”

FERÐABRANSINN

-En hvornig kom það til að þú snerir þér að ferðamálam?

“Fyrir tilviljun lenti ég í vinnu hjá Hauki Björnssyni heildsala sem var einn af stofnendum Kommúnistaflokksins.

Haukur hélt fyrstu bóksölusýningu sem haldin hafði verið hér, árið 1944, og vantaði mann til að aðstoða sig. Sýningin var haldin á Hótel Heklu og þarna komu helstu fyrimenn þjóðarinnar eins og forseti Íslands, Sveinn Björnsson, Ragnar í Smára og ýmsir fleiri sem þurfti að taka á móti og sinna. Ekki vildi betur til en svo að Haukur fékk fyrir hjartað þegar hæst stóð og var eftir það ekki meira inni í myndinni. Skyndilega var ég því farinn að stjórna málum á þessari sýningu. En þarna kynntist ég ýmsum sem ég átti síðar eftir að eiga samleið með og eiga viðskipti við í ferðabransanum.

Skömmu síðar lenti ég í miklum kosningaslag. Verið var að kjósa um stjórn KRON (Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis) og mikill hiti í mönnum. Í framboði voru bæði framsóknarmenn og róttækir vinstrismenn. Þetta urðu fyrstu en ekki síðustu afskipti mín af kosningamálum en ég stjórnaði kosningum fyrir Sósíalísa flokkinn um land allt í mörg ár. Árið 1945 varð ég síðan starfsmaður flokksins og má segja að sú ráðstöfun hafi leitt mig út í afskipti af ferðamálam sem varð eiginlega bara fyrir slysi.

Mér var meðal annars ætlað að hafa með fjármál og fleira að gera fyrir flokkinn. Fylkingin stofnaði og rak ferðaskrifstofuna Landsýn og var með skipulagðar ferðir til útlanda. Starfsemin gekk illa og miklar skuldir höfðu hlaðist upp. Þær voru að lokum komnar upp í 800.000 krónur að



mig minnr sem var mjög há upphæð á þessum árum. Hlutverk mitt var að reyna að leysa þennan mikla peningavanda. Flokksmenn borguðu reyndar til flokksins, eitthvað eftir efnum og aðstæðum, en það dugði engan veginn til.

Stór hluti skuldarinnar var við Loftleiðir. Alfred Elíasson, forstjóri þar, var mikill vinur minn og gamall skólabróðir. Ég sagði því við þá sem voru með mér í fámálanefndinni hjá flokknum hvort ekki væri best að ég reyndi að tala við Alfred og semja um skuldina við Loftleiðir. Þeir féllust á það og mér tókst að semja um skuldbreytingu til átta ára. Þar með má segja að ég hafi verið kominn með annan fótinn inn í ferðabransann og var því eiginlega fyrir hreina slysi farinn að reka ferðaskrifstofu ásamt því að sinna ýmsum störfum fyrir flokkinn.

Fljótlega kom í ljós að ekki gengi að vera með svona mörg járn í eldinum. Ég hafði enga þekkingu á rekstri ferðaskrifstofu og hafði heldur ekki nægan tíma til þess að sinna ýmsum verkefnum sem voru á minni könnu. Ég ákvað því að segja starfi mínu hjá flokknum lausu og snúa mér alfarið að því að reka ferðaskrifstofuna. En þar sem vinátta var milli mín og þeirra hjá Loftleiðum kom aldrei annað til greina en ég sæi um skuldina þannig að hún fylgdi mér þegar ég hætti störfum fyrir flokkinn.

Í EINU HERBERGI

Ífyrstuvarég með ferðaskrifstofuna

í einu herbergi á annarri hæð í húsi frænku minnar. En auðvitað gekk það ekki til lengdar þar sem ég sá jafnframt um fjármál verslunar sem var í sama húsi. Eftir árið sá ég að við svo búið mátti ekki standa, flutti og hélt starfseminni áfram á nýjum stað. Vegna tengsla minna við Loftleiðir fór ég snemma að gefa út farseðla með vélum þeirra ásamt því að sinna ferðum fyrir Íslendinga til útlanda. Á þessum árum átti ég þess ekki kost að kaupa farseðla með Flugfélaginu án þess að ég sé að fara nánar út í ástæðuna fyrir því. Ég hafði hins vegar farmiðana frá Loftleiðum og gat selt þá hverjum sem var þannig að segja má að samband mitt við Loftleiðir hafi verið ákveðin kjölfesta í þessu hjá mér. Í fyrstu voru nokkur tengsl milli Fylkingarinnar og Landsýnar en með tímanum minnkudu þau smátt og smátt og að urðu að lokum engin.

Ég hafði litla sem enga þekkingu á ferðamálum þegar ég byrjaði að vinna í þessum bransa en ég komst í Félag íslenskra ferðaskrifstofa þar sem voru helstu frömuðir á þessu sviði og naut góðs af því. Fyrstu árin hafði ég afskaplega litla skrifstofu undir reksturinn og var með hann á ýmsum stöðum. En þegar umsvifin jukust varð ljóst að ég yrði að fá mér stærra húsnæði. Ég þurfti líka á fleira fólki að halda og réð til mín Ólínu, dóttur mína sem nú er látin, og Ellen Ingvadóttur en Ellen starfar í dag sem löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi. Þar með má segja að ég hafi fyrir alvöru farið út í að sinna ferðamálum.

Ákveðnar breytingar urðu líka þegar ég fór að vinna með verkályðshreyfingunni sem seinna varð hluthafi að fyrirtækinu. Þá breyttist nafnið í Ferðaskrifstofan Landsýn – Alþýðuorlof. Þegar tímar liðu vildu þeir síðan að við sameinuðumst Samvinnuferðum en það leist mér ekki á og ákvað að fara mína leið. Ég fór reyndar ekki langt, heldur aðeins yfir götuna, og byrjaði þar, mjög smátt reyndar, með minn eigin rekstur undir nafninu Ferðaskrifstofa Kjartans Helgasonar. Síðan keypti ég hæð í Gnoðarvogi 64 og flutti reksturinn þangað. Þar var ég svo upp frá því meðan ég var í þessum rekstri. “

AUSTUR-EVRÓPA

-Hvenær byrjarðu að skipuleggja ferðir til Austur-Evrópu?

“Fylkingin var með sambönd þarna fyrir austan og ég kynntist þeim málum strax þegar ég fór að vinna fyrir flokkinn. Þeir skipulögðu til dæmis ferðir fyrir Íslendinga

á æskulýðsmót sem fram fóru í Austur-Evrópu. Þessar ferðir voru farnar á vegum Landsýnar, meðal annars til Ungverjalands, og ég fór margar slíkar ferðir á vegum fyrirtækisins. Þannig kynntist ég fjölda manna í Austur-Evrópu sem ég átti eftir að eiga töluverð samskipti við þegar ég fór sjálfur að skipuleggja ferðir á þessar slóðir. Þetta var allt tiltölulega ungt fólk þegar ég kom þarna fyrst, enda um æskulýðsmót að ræða, og ég var mun eldri en flestir sem þarna voru. En seinna meir fór sumt af þessu fólki út í ferðabransann og þá tókust kynni með okkur á ný þannig að ég hafði viss sambönd í Austur-Evrópu áður en ég fór að skipuleggja sjálfur ferðir þangað.

Markmið mitt með rekstri Landsýnar var samt aldrei að vera einungis með þessar ferðir austur yfir. Ég hafði alltaf hugsað mér að gera Landsýn að almennt ferðaskrifstofu sem byði upp á fjölbreyttar ferðir bæði í austur og vestur.

Einhvern veginn þróaðust mál samt þannig að ég var með margar ferðir austur; til Sovétríkjanna, Ungverjalands, Rúmeníu, Búlgaríu, Júgóslavíu og víðar. Þar gátu farþegar bæði verið við strönd og uppi í fjöllum.

Þetta var allt annar heimur en Íslendingar áttu að venjast. Lönd eins og Rúmenía og Búlgaría eru gjörólík enda Rómánar og Slavar ólíkar þjóðir. Mín reynsla var sú að standardinn almennt var mun hærrí hjá Slövuunum sem kom meðal annars fram í því að hótél voru mun betri í Búlgaríu en í Rúmeníu. Búlgarir voru líka félagslega þroskaðri en Rúmenarnir. Þeir stofnuðu til dæmis ungmenntafélög um svipað leyti og við hér á Íslandi og áttu mörg og góð bókasöfn. Ýmislegt í þeim dúr var á mun hærra plani þar en í Rúmeníu. Tungumálin í Austur-Evrópu voru samt ákveðin hindrun. Við erum vön að komast af víðast hvar með því að nota ensku en þarna dugði slíkt ekki til. Sumum farþegum þótti þetta frekar óþægilegt þó að þeir settu það ekki beinlínis fyrir sig. Á þessum slóðum er hins vegar miklu betra að kunna eitthvað í þýsku en ensku.

Þessar Austur-Evrópuferðir voru geysilega vinsælar og margir fóru í fleiri en eina slíka með mér. Bæði var um að ræða nýja og áður óþekkta áfangastaði fyrir íslenska ferðamenn og svo var verðlag þarna mun lægra en við áttum að venjast þannig að þessar ferðir voru mjög hagstæðar. Eftirspurn var alltaf mun meiri í ferðir til Búlgaríu en Rúmeníu. Þetta eru gjörólíkar

þjóðir og Íslendingum líkaði betur við Búlgarana. Mentalitet þjóðarinnar höfðaði meira til okkar.”

BALTÍKA

Kjartan stóð fyrir ferð með skemmtiferðaskipinu Baltika sem lengi verður í minnum höfð. En hvernig skyldi sú ferð hafa komið til?

“Mesta ævintýrið á ferli mínum er vafalaust þessi ferð með Baltiku en hún var farin 1966. Til stóð að Karlakór Reykjavíkur færi í söngferðalag og upp hafði komið sú hugmynd að fá skemmtiferðaskip fyrir kórinn og gefa öðrum ferðamönnum en kórfélögum kost á að fara með til þess að fylla skipið. Í fyrstu þreifuðu menn fyrir sér með að fá skip frá Danmörku eða Þýskalandi sem svo gekk ekki þegar til kom. Þá komu þeir til mín og báðu mig að kanna hvort ég gæti útvegað slíkt skip. Ég dreif mig út til Kaupmanahafnar, en þar hafði ég ýmis sambönd, og ræddi þar við Pólverja og fleiri sem áttu skemmtiferðaskip en ekkert slíkt var þá á lausu.

Þar sem ég þekkti til ferðaskrifstofa fyrir austan var mér bent á að best væri að ég færi bara þangað. Ég dreif mig því til Berlínar og þaðan áfram með lest beint til Moskvu. Þar fór ég á fund hjá Vorflot til viðræðna um að fá skip í þetta verkefni en Baltika var í eigu Vorflot sem átti nokkur slík skip. Ýmsir foringjar tóku þar á móti mér og þessar samningaviðræður urðu ansi langar og flóknaar enda töluðu þeir fæstir ensku og ég ekki rússnesku. En þeir voru með túlka sem gerðu sitt besta til þess að túlka það sem fram fór á milli okkar. Eftir því sem samningaviðræðum okkar vatt fram kom í ljós að um þrjú skip gæti verið að ræða sem til greina kæmu.

Ég sneri síðan heim með tilboð upp á vasann um að fá eitt þessara þriggja skipa til fararinnar. Eitt þeirra fannst mér of stórt og var spennastur fyrir þriðja skipinu þar sem mér þótti Baltikan helst til gömul en hún var elst skipanna og smíðuð í Hollandi 1944 ásamt öðru skipi en það var skotið niður á leið sinni um Kielarskurðinn. Baltika komst hins vegar heil alla leið til Leningrad.

Eftir heimkomuna hitti ég fulltrúa kórsins, Ragnar Ingólfsson sem var formaður kórsins, og fleiri og við ræddum málið fram og til baka. Þeir fóru af mínum fundi til þess að ræða þetta við einhverja fleiri. Niðurstaðan varð síðan að þeir höfðu samband aftur og báðu mig að hlutast til

um að fá Baltíkuna leigða. Ég spurði þá hvort þeim finndist þeir ekki þurfa að skoða skipið en þeir sögðu enga þörf á því. Ég fór því aftur út til Leningrad og kom Ragnar Ingólfsson með til þess að fara með mér á fund hjá Vorflot og ganga frá samningum um leigu skipsins og annað. Þetta gekk allt eftir og við náðum ágætum samningum. Í leiðinni ákváðum við að spyrja hvort þeir gætu komið fyrir sundlaug í skipinu en engin slík var í Baltíku. Það var auðsótt mál þó að aðeins væri rúmur mánuður til stefnu þangað til skipið átti að vera komið til Íslands.

Þegar heim var komið á ný tóku þeir hjá kórnum við að selja í ferðina sem gekk afskaplega vel og tókst að fylla hvern einasta klefa í skipinu á örfáum dögum. Klefarnir voru reyndar afskaplega mismunandi og auðvitað misdýrir. Sumir voru mjög glæsilegir eins og þeir sem Ragnar Jónsson veitingamaður og Oddur í Glæsi fengu enda hafði sjálfur Krússjoff gist annan þeirra! Ýmis fleiri rússnesk stórmenni höfðu reyndar ferðast með Baltíku eins og til dæmis Gorbasjev en hann kom einu sinni hingað með Baltíku. Bestu klefarnir kostuðu líka sitt en þeir lakari voru á mun lægra verði.”

Í KOMPANÍ VIÐ ÞÓRBERG

Þórbergur Þórðarson og Margrét kona hans sögðu frá ferðinni og gagnrýndu ýmislegt. Hvernig kom til að þau voru með í för?

“Já, ég man eftir því enda þekkti ég þau bæði. Þau vildu endilega fara í þessa ferð og komu til mín til þess að biðja mig um að sjá um að þau kæmust með. “Ég bara verð að koma honum Þórbergi til Grikklands,” sagði Margrét við mig. Ég svaraði því til að karlakórinn sæi um söluna og hún skyldi bara snúa sér þangað. Hún hafði þá reyndar gert það en fengið þau svör að uppselt væri í ferðina og kom þess vegna til mín. Ég sneri mér þá til Rangars og það endaði með því að þau komust með.”

Í frásögn Margrétar og Þórbergs af ferðinni í bók Matthíasar Johannessen, “Í Kompaní við Þórberg”, kemur fram að þau hafi ekki fengið pláss í sama klefa þar sem aðeins voru tvö pláss laus í tveimur fjögurramanna klefum. Ekki munu þau hjón hafa áttað sig á að klefarnir sem þau fengju væru heldur fátæklegir og þar væri hvorki að hafa rennandi vatn né klæðaskáp. Hins vegar segja þau að allir farþegar hafi haft aðgang að sundlauginni og heimild til þess að fara um skipið að vild. Samkomulagið

við klefafélagana var líka gott þannig að ekki spillti það fyrir ferðinni.

Þeim hjónum fannst þau líka þurfa að greiða heldur hátt gjald fyrir ferðina eins og fram kemur í efirfarandi frásögn í fyrrnefndri bók:

Margrét: Svíturnar tvær kostuðu 80 þúsund hvor, en fjögurra manna skítaskonsurnar 101.200.00 krónur, eða 25.300.00 á mann.

Þegar ég stóð fyrir utan klefadyrnar mínar og gat varla hugsað mér að fara inn til að eiga þarna heima í fimm vikur, bar þar að formann kórsins og ég rauk á hann, öskureið, sló saman hnefunum og sagði: “Ég heimta að við fáum strax endurgreitt eitthvað af fargjaldinu.” Það er engin leið,” sagði hann, “ég get ekki bætt þannig úr því, ég verð þá heldur að hækka við hina. Við ráðum ekki verðinu á kojunum, það eru Rússarnir, sem ákveða verðið.” Þá sagði ég: “Nei, nú er einum of langt gengið, þetta þarf ekki að segja mér, Rússarnir leigja ykkur skipið fyrir vissa upphæð og svo ákveðið þið, hvað hver kosta á að kosta.” Og svo sagði ég: “Heldurðu að þið bættuð úr skák fyrir mér, þó að þið hækkuðuð við hina?”

Þriðja daginn heyrðum við því fleygt, að karlakórinn hefði sent tvo menn til Leningrad að skoða skipið áður en það yrði tekið á leigu. Þá segi ég við þetta fólk, sem sagði mér: “Getur það átt sér stað?” Já, er mér svarað. Það er alveg rétt. “Hverjir voru það?” spyr ég. “Það voru Ragnar Ingólfsson og Kjartan Helgason forstjóri Landsýnar.”

Þrátt fyrir ýmsa vankanta og hátt verðlag á vistarverum skemmtu þau hjón sér vel og nutu fararinnar:

Margrét: “Þrátt fyrir þennan aðbúnað var ferðin skemmtileg enda var matur góður og öll framreiðsla fyrsta flokks og ferðir í landi voru auðvitað í senn skemmtilegar og fróðlegar, þó að ýmislegt hefði mátt betur fara, en það stafaði af ókunnugleik þeirra sem að ferðinni stóðu.”

En það var ekki aðeins aðbúnaður um bord sem fór fyrir brjóstið á Þórbergi. Hann hafði líka sitt að segja um kaupgleði landans:

Þórbergur: Þegar ákveðið var, að ekki væri lengur hægt að borga í íslenskum peningum á borunum, fór mikil reiðialda um skipið og lá við paník. Og fararstjórinn lýsti því yfir í hátalara að þetta væru svik af hálfu Rússa. En sannleikurinn var sá, að Rússar sendu skeyti til Íslands um það hve mikið væri búíð að versla í skipinu, og var

þeim svarað því til af Seðlabanka Íslands, að þeir settu stopp á frekari verzlun með íslenska peninga. Þá var fararstjórinn mát og nefndi ekki framarsvik Rússa.”

Það virtist vera að svo og svo margt fólk hefði engan áhuga á að sjá og skoða, heldur væri áhugi þess bundinn við verzlun, meiri verzlun og aftur verzlun. Verzlunarhungur Íslendinganna var svo óseðjandi, að það líktist einna helst móðuhardindahungrinu í gamla daga.”

428 FARÞEGAR UM BORD Í BALTÍKU

Þrátt fyrir að ýmsu væri ábótavant varð ferðin í heild hin besta og farþegar almennt afskaplega ánægðir:

“Já, þetta var mikið ævintýri allt saman, allir þessir þrjátíu og fimm dagar sem ferðin tók. Við héldum út flóann, fyrir Reykjanesið og beint suður til Alsír sem var fyrsti áfangastaður fararinnar. Ætlunin var að kórinn syngi í hverri höfn og átti stjórn hans að undirbúa málið þannig að úr því gæti orðið. Á minni könnu var hins vegar að sjá um skoðanaferðir og slíka hluti á viðkomustöðunum. Ég hafði gert viðeigandi ráðstafanir áður en við héldum af stað, enda í góðu sambandi við margar ferðarkrifstofur ytra, þannig að þau mál voru í góðu lagi. Það hjálpaði mér líka að ég var í góðu samandi við Inturist sem greiddu götu mína ef á þurfti að halda.

Fyrsti áfangastaðurinn í Alsír var borgin Orange. Við fengum þetta fína veður meðan við skoðuðum borgina og allt gekk vel. En kórinn söng ekki í Orange. Þeir höfðu gert ráðstafanir til þess að fá að syngja í einhverju húsi en þegar við komum á staðinn var þeim sagt að það hefði brunnið þannig að ekkert varð úr kórsöng í það skiptið.

Einu sinni lentum við líka í því að einn farþeganna um bord veiktist þannig að við urðum að breyta ferðaáætluninni en það gekk vel og maðurinn komst undir læknishendur á Möltu þó að aldrei hafi verið ætlunin að stoppa þar. Reyndar voru bæði íslenskir og rússneskir læknar um bord en þeir töldu öruggara að leita hafnar. Sjúklingurinn var því skilinn eftir á Möltu en skipið hélt áfram samkvæmt áætlun.

Komið var við í Alexandríu þar sem kórinn söng og þaðan hafði ég líka skipulagt skoðanaferðir til Kaíró þar sem var gist. Aðra leiðina var farið yfir eyðimörkina með rútu en hina siglt niðu Níl þannig að farþegar upplifðu hvort tveggja í einni og

sömu ferðinni. Annar áfangastaðurinn var Beirút í Líbanon en þaðan fóru farþegar með flugi til Jerúsalem. Á flugvellingum í Jerúsalem hittum við Guðna í Sunnu sem var þar á ferð með hundrað manns, að mig minnir, þannig að þarna voru saman komnir á sjötta hundrað Íslendingar á sama tíma.

Síðan var haldið til Jalta en þaðan voru farnar nokkrar ferðir og frá Jalta lá leiðin til Odessa. Þar gátu farþegar farið í leikhús og gert ýmislegt sér til skemmtunar. Af og til söng svo kórinn eins og til stóð þannig að úr þessu öllu varð hin besta skemmtun.

Alla daga var svo einhver dagskrá sem farþegar gátu tekið þátt í. Um borð var til dæmis góður salur þar sem var spilið tónlist og farþegar gátu dansað. Fólk nýtt sér líka ósápart sundlaugina og annað sem í boði var um borð. Rússarnir sáu um þetta og gerðu það afskaplega vel. Þeir voru að mig minnir á þriðja hundrað og yfirleitt mestu indælis menn.

KAUPGLEÐI LANDANS

Það er alveg rétt sem þau Margrét og Þórbergur segja um kaupgleði Íslendinganna í ferðinni. Í Alexandríu varð til dæmis allt hreinlega vitlaust og menn keyptu og keyptu alveg endalaust. Fólk keypti meðal annars einhvers konar pullur til þess að sitja á og margt fleira. Allt var þetta dregið um borð og troðið inn í klefana. En ekki vildi nú betur til en svo að einhver óværa reyndist í þessu dóti og skyndilega var allt orðið fullt af pöddum í klefunum. Ræstingafólkið lét ekki bjóða sér það og heimtaði að allt þetta dót yrði fjarlægð annars myndi það ekki hreinsa klefana. Auðvitað vildu farþegarnir heldur ekki sofa innan um allar þessar pöddur. Það endaði svo með því að góssið var sett upp á þilfar og segldúkur breiddur yfir allt saman. Reyndar gekk ekki hljóðalaust að sannfæra farþegana sem áttu góssið um að þetta yrði að gera og sumir mótmæltu harðlega og vildu hafa sitt dót hjá sér! En um annað var ekki að ræða og á endanum sættist fólk á þessa ráðstöfun.

Uppi á þilfari var því allur þessi farangur alveg þangað til við komum til Lissabon. Þá hafði einn af fararstjórunum, Árni Waag sem vann hjá heilbrigðisyfirvöldum í Reykjavík, haft samband heim og sagt frá þessari upþakomu. Hann fékk í kjölfarið skeyti með þeim skilaboðum að þennan farangur mætti ekki flytja til Íslands. Þar sem ekki var um annað að gera en hlýða

yfirvöldum á Íslandi var því öllu dótinu hent fyrir borð!

Þórbergur kvartaði líka við mig yfir því að það væri svo vond lykt í skipinu og sumir töldu víst að hún stafði af öllum þessum pöddum. Það var reyndar ekki alveg rétt. Í ferðinni voru þrír kórfélagar sem voru bræður og þeir höfðu haft með sér hákarl í ferðina og geymdu hann undir segli í skipsbát uppi á dekki. Þannig að það var aðalskýringin á vondu lyktinni sem Þórbergur kvartaði yfir!

Annars urðu mestu vandræðin með alla þessa verslun þegar við komum til Grikklands. Á þessum árum voru mikil gjaldeyrishöft en Rússarnir um borð í Baltíku tóku við íslenskum krónum og skiptu þeim fyrir erlenda gjaldeyri. Þannig gekk þetta alla ferðina frá Íslandi og alveg þangað til við komum til Grikklands. Þá var komið að því að Rússarnir vildu skipta íslensku krónunum aftur en þá sögðu íslensk gjaldfeyrisyfirvöld: Stopp – hingað og ekki lengra. Þetta þóttu ferðamönnum vonda fréttir því að í Grikklandi sáu þeir allt mögulegt sem þeir vildu eignast. Til dæmis afskaplega falleg skinn og margt fleira. Ég man að ég lánaði meira að segja einni frúnni fyrir pels. En þegar þarna var komið sögu höfðu farþegarnir ekki lengur gjaldeyri til þess að versla fyrir eins og þá langaði til og gátu ekki eignast allt þetta fineri sem fyrir augu þeirra bar.

Grísku feldskerarnir voru hins vegar svo miklir herra menn að þeir buðu Íslendingunum bara að lána þeim fyrir því sem þeir ætluðu að kaupa! Landinn lét nú ekki segja sér þetta tvisvar og keypti heilmikið af Grikkjunum sem sendu svo kröfu á Landsbankann heima um greiðslu. Ein kona í ferðinni fór mörgum árum seinna á sömu slóðir að kaupa sér pels og hitti þá kaupmann sem vel mundi eftir þessu. Hún spurði hvort hann hefði einhvern tímann fengið varninginn greiddan og hann hélt nú það. Allt hefði skilað sér.

Með í ferðinni var maður að nafni Hafsteinn Sveinsson. Hann myndaði alla ferðina og var ætlunin að sýna myndina í sjónvarpinu. Hann festi meðal annars á filmu þegar öllu var kastað fyrir borð. Því miður tók hann myndina upp á of miklum hraða þannig að það hefur aldrei verið hægt að sýna hana. Kannski væri það hægt með nútíma tækni því að myndin er mjög merkileg heimild um þessa óvenjulegu ferð.

Kom aldrei til að endurtaka ferð eins og

Baltíkaferðina?

“Jú, sú hugmynd kom upp en það fengust ekki skip. Baltíkaferðin var frægasta ferð sem ég hef tekið þátt í og kannski ein sú frægasta sem Íslendingar hafa farið. Farþegar skemmtu sér konunglega og alltaf var eitthvað nýtt og spennandi að sjá og eitthvað að gerast. Um borð var líka fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem Rússarnir stóðu fyrir. Við sluppum auk þess að mestu við óhöpp í ferðinni þannig að þegar upp er staðið held ég að flestir hafi verið mjög sáttir við hvernig til tókst.”

BREYTINGAR

-Voru ferðir til Austur-Evrópu alltaf kjölfestun í rekstrinum?

“Það má segja það. Þar sem ég hafði góð sambönd í Austur-Evrópulöndum bauð ég upp á ferðir þangað. Ég hafði til dæmis tengiliði í Sovétríkjunum og fór með farþega víða um þar. Sama má segja um mörg önnur lönd þarna fyrir austan nema ég fór aldrei með farþega til Póllands. Búlgaría var samt alltaf stærsta ferðamannalandið hjá mér. Þar voru heilsuhæli sem Íslendingar gátu verið á og sumir nýtt sér líka tannlæknaþjónustu sem var mun ódýrari en bauðst hér á landi. Einhverjir fóru líka til augnlæknis og þarna voru líka augnlæknar sem gerðu aðgerðir á augum sem ekki voru gerðar hér. Ég man nú samt ekki til þess að neinn íslensku ferðamannanna hafi þorað í slíka aðgerð! Flestar voru þessar ferðir farnar í gegnum Kaupmannahöfn en ég fékk líka rúmenskar vélar hingað og bauð upp á beint flug héðan til Rúmeníu.

Auðvitað kynntist ég ýmsu misjöfnu á þessum slóðum eins og gengur. Þannig er það allsstaðar. Ég átti samt yfirleitt fyrst og fremst kynni við ráðamenn og mikið ágætisfólk þannig að yfirleitt gekk allt afskaplega vel og flestir voru ánægðir. Þar sem ferðirnar voru svona ódýrar gafst mörgum kostur á að ferðast sem hefðu kannski ekki ella haft efni á því og vegna verðlagsins gat ég boðið upp á allt það besta sem var að finna í þessum löndum.

Reksturinn gekk líka bæreliga þó að fjöldi ferðamanna hefði mátt vera meiri. Ég var lengst af einn í þessum ferðum en aðrir sinntu þessum markaði aldrei neitt að ráði. Ég var líka í góðu sambandi við flugfélög og ferðafrömuði í þessum löndum og hafði forskot að því leyti. En þegar breytingar urðu á flugmálum hér á landi og ég þurfti að fara með mína farþega í gegnum Luxemborg

vandaðist málið. Í Kaupmannahöfn voru umboðsmenn fyrir flest flugfélögin sem ég þurfti að eiga samskipti við og þangað komu farþegar víðsvegar að sem flugu með Austur-Evrópuflugfélögunum. Flugvöllurinn í Luxemborg var miklu minni en Kastrup sem þýddi að færri farþegar fóru þaðan austur yfir en frá Kaupmannahöfn. Íslendingar vildu líka frekar fara í gegnum Kaupmannahöfn sem var alltaf ákveðin miðstöð og bæði Flugfélagið og Loftleiðir flugu þangað. London varð ekki fyrr en löngu seinna jafn vinsæll áfangastaður fyrir íslenska ferðamenn. Þó að auðvelt hafi verið að komast til Austur-Evrópu frá Lúxemborg, bæði með lestum og flugvélum, voru farþegarnir ekki nógu margir til þess að slíkt borgaði sig. Smátt og smátt drógu Austur-Evrópuflugfélögin sig því til baka og þessar ferðir nánast lögðust af.

Svo urðu ákveðnar breytingar og ég fór að eiga samskipti við Flugfélagið. Í kjölfarið fór ég að bjóða ferðir til Kanaríeyja, Spánar og víðar í Suður-Evrópu. Í fyrstu hélt ég reyndar áfram að bjóða upp á ferðir til Austur-Evrópu. Var til dæmis með beint flug til Lubiana í Júgóslavíu með Flugfélaginu. Þar voru afskaplega fallegir baðstrandabæir og hótél og allur viðurgerningur í Júgóslavíu var til fyrirmyndar og eins í Búlgaríu. Yfirleitt var reyndar allur aðbúnaður þarna fyrir austan til fyrirmyndar, nema þá helst í Rúmeníu. Ég lenti þó ekki í neinum teljandi vandræðum þar enda var ég bara með bestu hótelin, enda ódýrt að vera þar og ekki ástæða til að bjóða upp á annað en það besta.

Samkeppni var alla tíð mikil í þessum bransa. Ég slapp hins vegar við samkeppni við Guðna í Sunnu og Ingólf í Útsýn þar sem ég var mest með þessar Austur-Evrópuferðir en þeir fóru suður á bóginn með sína farþegar. Harðasta samkeppnin var hins vegar um flugið sem hafði á endanum afdrifaríkar afleiðingar fyrir mig og aðra sem stóðu í þessum viðskiptum. Flugfélögin hér fóru að keppa við mig um flugið sem ég hafði samið um við erlend flugfélög. Aðstaða íslensku flugfélaganna var þannig að við ofurefli var að etja. Þeir buðu lægri fargjöld en ég gat boðið upp á. Hefði ég reynt að bjóða lægra verð en þeir hefði verið stórkostlegt tap á ferðunum þannig að úr því varð ekki. En þessi ójafna samkeppnisaðstaða varð á endanum til þess að ég ákvað að pakka saman og hætta þessum rekstri. Ég var líka orðinn nokkuð fullorðinn, sjötíu og fjögurra ára, og fann

að nóg var komið. Án þess að ég ætli að fara nánar út í þá sálma þá urðu endanleg umskipti 1996 og ég hætti alfarið afskiptum af ferðamálum. “ ❀